

Athugun á Víkurskóla í Mýrdalshreppi

UNNIN FYRIR MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ 2011



Árný Elíasdóttir og Inga Björg Hjaltadóttir

© Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2011.

SAMANTEKT	3
1 INNGANGUR	5
1.1 Gagnalisti	5
2 SKÓLINN	5
2.1 Áherslur og stefna skólans	6
2.2 Upplýsingamiðlun	6
2.3 Stjórnun	7
2.4 Mat úttektaraðila	9
3 MANNAUÐUR	10
3.1 Menntun og endurmenntun	10
3.2 Samskipti og starfsandi	11
3.3 Fundir og boðskipti	12
3.4 Starfmannasamtöl og starfslýsingar	12
3.5 Fjarvistir	12
3.6 Mat úttektaraðila	16
4 SKÓLANÁMSKRÁ	17
4.1 Kennslufyrirkomulag	17
4.2 Kennslumagn og skipting kennslutíma milli námsgreina	18
4.3 Árangur skólans á samræmdum prófum	19
4.4 Mat úttektaraðila	21
5 SAMSTARF VIÐ FORELDRA OG HEIMILI	21
5.1 Mat úttektaraðila	22
6 MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS	23
6.1 Mat úttektaraðila	24
7 TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM TIL ÚRBÓTA	24
8 HEIMILDIR	26
9 VIÐHENGI	27

SAMANTEKT

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir athugun á ákveðnum, afmörkuðum þáttum í skólastarfi Víkurskóla í Mýrdalshreppi. „Athugunin er gerð í framhaldi af skriflegum samskiptum ráðuneytisins við sveitarstjóra Mýrdalshrepps og í kjölfar kvartana foreldra nemenda við skólann.“¹ Markmiðið með athuguninni er að kanna hvort nemendur Víkurskóla fái þá þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Athugað er hvort nemendur fá þann kennslustundafjölda sem tilgreindur er í lögum og aðalnámskrá en skoðað sérstaklega hvernig forfallakennslu er háttáð. Kannað er hvort þeir sem sinna kennslu/forfallakennslu hafi tilskilin réttindi eða undanþágur. Einnig er stjórnun skólans skoðuð og samskipti skólans við foreldra, skólaráð og fræðslunefnd m.a. í tengslum við breytingar á starfi skólans.²

Athugunin leiðir í ljós að miklar breytingar hafa verið á stjórn Víkurskóla síðastliðin ár. Á þremur árum hafa fjórir skólastjórar komið að stjórnun skólans. Sá skólastjóri sem var að störfum 2009 – 2010 virðist ekki hafa sinnt stjórnunarskyldum m.a. hvað varðar útfærslu á stefnu sveitarfélagsins um sameinaðan skóla, að sjá til þess að skólaráð væri stofnað eða að skila tilskyldum gögnum til sveitarfélagsins. Ljóst er að þau erfiðu mál, sem upp komu í skólanum í nóvember s.l. með tilheyrandi fjarvistum, hafa sett mark sitt á skólastarfið. Núverandi skólastjóri hefur lagt sig allan fram um að halda skólanum gangandi við erfiðar aðstæður m.a. með því að taka að sér forfallakennslu en um leið hefur stjórnunarþátturinn orðið nokkuð útundan, s.s. upplýsingagjöf til foreldra og almenn stjórnun starfsmanna.

Við skólann starfa vel menntaðir kennarar og hluti leiðbeinenda stundar nám til kennsluréttinda. Nemendur í Víkurskóla eiga, skv. stundaskrá, að fá í heild nokkurn veginn þann kennslustundafjölda sem tilgreindur er í lögum og aðalnámskrá. Hins vegar fá þeir ekki lögbundna kennslu í listum og heimilisfræði. Þá fá nemendur í 1.- 4. bekk enga kennslu í ensku og valttímar eru færri á yngsta stigi og unglingastigi en viðmið kveða á um. Fjarvistir meðal kennara og leiðbeinenda í Víkurskóla á yfirstandandi skólaári hafa verið gríðarlegar. Á 95 skóladögum skólaársins, sem skoðaðir voru, voru að meðaltali þrjú starfsmenn fjarverandi dag hvern og gengið hefur erfiðlega að ráða fólk til afleysinga. Ljóst er að þrátt fyrir vilja skólastjóra og aðstoðarskólastjóra til að sinna forfallakennslu til viðbótar eigin kennsluskyldu hafa ekki allir nemendur fengið tilskylda kennslu.

Mýrdalshreppur hefur sett sér menntastefnu en sveitarfélagið hefur ekki fylgt því nægilega vel eftir að henni sé framfylgt. Skólinn hefur nokkuð skýra stefnu en skólanámskrá hefur ekki verið endurskoðuð m.t.t. sameinaðs skóla og stefnu sveitarfélagsins. Faglegt sjálfstæði kennara er mikið en vinnulag og

¹ Erindisbréf til úttektaðila 29.03.2011

² Erindisbréf til úttektaðila 29.03.2011

framkvæmd stefnu skólans virðist mjög einstaklingsbundið meðal kennara. Eftirliti sveitarfélagsins hefur verið ábótavant fram að þessu en nýr sveitarstjóri hefur verið í miklum samskiptum við stjórnendur skólans frá því í haust og hefur unnið að úrbótum í stjórnun, fyrst og fremst við að móta stefnu um hvernig taka skuli á ýmsum málum, m.a. fjarvistum. Ný starfsmannastefna sveitarfélagsins var samþykkt í apríl s.l. Fræðslunefnd þarf að efla starf sitt, auka eftirlit með skólanum sem henni ber að sinna skv. lögum og vinna markvisst að því að veita skólanum stuðning, leiðarljós og aðhald.

Skólinn hefur ekki uppfyllt lagaskyldu um foreldrasamstarf en ekki er starfandi foreldrafélag við skólann en það stendur til að stofna í haust. Núverandi skólastjórnendur höfðu forgöngu um stofnun skólaráðs og að fulltrúi foreldra nemenda grunnskólans var kosinn í ráðið. Upplýsingamiðlun til foreldra er ekki næg og bæta þarf og samræma notkun kennara á Mentor. Þeir foreldrar, sem rætt var við, virtust skiptast í þá sem eru ánægðir með skólann, þá sem eru mjög óánægðir og þá sem töldu að margt sé vel gert en hafa áhyggjur af miklum fjarvistum á skólaárinu og að hvorki hafi verið tekið nægilega á þeim né foreldrar upplýstir nægilega um stöðu mála.

Hvorki fræðslunefnd né stjórnendur skólans leggja mat á árangur úr samræmdum prófum og PISA könnunum og ekki eru gerðar aðgerðaráætlanir út frá þeim árangri. Niðurstöður hafa ekki verið kynntar foreldrum og því mjög óljóst meðal þeirra hvert gengi skólans væri á prófunum.

Helstu aðgerðir til úrbóta eru að stjórnun skólans þarf að vera mjög markviss og afar mikilvægt að nýr skólastjóri geti sinnt þessum þáttum á fullnægjandi hátt og hljóti til þess ráðgjöf og þjálfun. Fylgja þarf vel eftir viðmiðum sveitarstjórnar um fjarvistir og læknisvottorð, binda þarf fasta viðveru kennara og fylgja því eftir að þeir mæti. Skilgreina þarf hversu margir starfsmenn geta stundað nám meðfram starfi á sama tíma. Sveitarfélagið þarf að sinna betur eftirliti með skólanum og mikilvægt er að það styðji við skólann og stuðli að faglegum vinnubrögðum. Fræðslunefnd þarf að kynna sér hlutverk sitt betur og sveitarstjórn að sjá til þess að nefndin fái þeir upplýsingar og fræðslu sem henni ber.

Endurskoða þarf skólanámskrá út frá nýjum lögum um grunnskóla og sameiningu grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla og fylgja því eftir að starfsmenn vinni skv. stefnu skólans. Leggja þarf allt kapp á að nemendur fái þá kennslu sem þeim ber skv. viðmiðunarstundaskrá. Auka þarf upplýsingagjöf og samstarf við foreldra, stofna foreldrafélag og að virkja ætti foreldra mun betur í skólastarfinu m.a. við endurskoðun skólanámskrár og í vinnuhópi um sameiningu skólanna. Fylgja þarf eftir áætlun um innra mat skólans og gera það enn samstarfsmiðaðra. Kynna þarf niðurstöður úr samræmdum prófum fyrir foreldrum og starfsmönnum og skilgreina aðgerðir í kjölfarið.

1 INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir athugun á ákveðnum, afmörkuðum þáttum í skólastarfi Víkurskóla í Mýrdalshreppi. „Athugunin er gerð í framhaldi af skriflegum samskiptum ráðuneytisins við sveitarstjóra Mýrdalshrepps og í kjölfar kvartana foreldra nemenda við skólann.“³ Markmiðið með athuginni er að kanna hvort nemendur Víkurskóla fái þá þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Athugað er hvort nemendur fá þann kennslustundafjölda sem tilgreindur er í lögum og aðalnámskrá en skoðað sérstaklega hvernig forfallakennslu er háttað. Kannað er hvort þeir sem sinna kennslu/forfallakennslu hafi tilskilin réttindi eða undanþágur. Einnig er stjórnun skólans skoðuð og samskipti skólans við foreldra, skólaráð og fræðslunefnd m.a. í tengslum við breytingar á starfi skólans.⁴

1.1 Gagnalisti

Athugunin byggir á fyrirliggjandi gögnum tengdum starfsemi skólans (sjá nánar í heimildaskrá), viðtölum og skólaheimsóknum. Úttektaraðilar heimsóttu skólann þann 11. apríl 2011. Haldinn var fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Þar næst hittu úttektaraðilar rýnihóp foreldra, sem þeir völdu af handahófi úr lista sem skólastjóra sendi þeim. Þess var gætt að í rýnihópnum væru ekki foreldrar sem starfa innan skólans. Þá hittu úttektaraðilar hóp nemenda, sem skólastjóri valdi, að því loknu fimm kennara skólans og einn leiðbeinanda sem þann dag voru við vinnu, skólaliða og starfsfólk í eldhúsi, bílstjóra og loks fræðslunefnd sveitarfélagsins þar sem þrír af fimm fulltrúum mættu en allir fulltrúarnir voru boðaðir. Þann 12. apríl hittu úttektaraðilar sveitarstjóra Mýrdalshrepp í Reykjavík og rætt var símleiðis við fræðslustjóra Skólaskrifstofu Suðurlands. Þá hafa foreldrar og kennarar haft samband við úttektaraðila símleiðis og í gegnum tölvupóst og komið á framfæri sjónarmiðum sínum. Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi skólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að.

2 SKÓLINN

Víkurskóli er tón-, leik- og grunnskóli í Vík í Mýrdalshreppi en á vormánuðum 2009 ákvað sveitarstjórn hreppsins að sameina rekstur þriggja skólastofnana. Markmið með sameiningunni eru að hin nýja stofnun verði sterkari faglega, félagslega og um leið hagkvæmari í rekstri. Nemendur eru úr Vík og

³ Erindisbréf til úttektaraðila 29.03.2011.

⁴ Erindisbréf til úttektaraðila 29.03.2011.

sveitinni vestan og austan Víkur. Grunnskólinn er samkennsluskóli með 72 nemendur í fyrsta til tíunda bekk. Við grunnskólann starfa 17 starfsmenn. Nemendur leikskólans eru 28 talsins og starfsmenn eru sex. Í tónskólanum eru 38 nemendur og tveir starfsmenn. Athugun þessi beinist eingöngu að grunnskólanum.

2.1 Áherslur og stefna skólans

Víkurskóli hefur markað sér skýra stefnu undir formerkjum mannræktar og umhverfis. Gæði, gleði, gróska og gagn eru kjörorð skólans og eiga að marka framtíðarsýn hans. Hvert kjörorð er útfært í stefnunni. Skv. þeim upplýsingum sem úttektaraðilar fengu frá sveitarstjóra, skólanefnd, skólastjórnendum og kennurum liggur hins vegar ekki fyrir aðgerðaráætlun um innleiðingu og útfærslu stefnunnar í skólastarfinu.

Sérstök markmið skólans skólaárið 2010-2011 eru að vinna áfram samkvæmt lýðheilsu­markmiðum í verkefninu *Allt hefur áhrif einkum við sjálf*, sem skólinn tekur þátt í. Jafnframt hefur Víkurskóli ákveðið að innleiða *Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga* sem leiðarvísir til að ná að mæta ólíkum þörfum nemenda. Þá er einnig unnið skv. leiðarljósinu „Glöð börn á grænni grein“, sem miðar m.a. að því að efla enn frekar samskipti í skólastarfinu.⁵ Skólastjórnendur (skólastjóri og aðstoðarskólastjóri) sögðu að allir kennarar og flestir leiðbeinendur hafi sótt sér endurmenntun til þess að geta betur unnið að settum markmiðum verkefnanna en aðrir starfsmenn hafi ekki fengið fræðslu þar um. Spurt var um hvernig gengið hafi að innleiða og útfæra stefnuna. Kom fram að það hafi gengið misjafnlega eftir kennurum og sé ekki eins markvisst alls staðar.

Skólinn kynnir stefnu sína varðandi forföll á heimasíðunni, en þar kemur fram að reynt sé að leysa úr forföllum með því að aðrir kennarar skólans taki að sér bekkinn, oft sem viðhengi við þann bekk sem þeir eru að kenna. Ef ekki er hægt að leysa forfallakennslu þá séu nemendur í umsjón skólaliða.

2. 2 Upplýsingamiðlun

Á heimasíðu skólans eru ítarlegar upplýsingar m.a. um stefnu skólans, markmið, skólanámskrá, sjálfsmat skóla og sjálfsmatsáætlun til 2014. Þar er hvorki að finna mikið af fréttum af starfi skólans á yfirstandandi skólaári né skólareglur. Í viðtölum við skólastjóra og kennara kom fram að misjafnt væri hvort kennarar noti upplýsingakerfið Mentor eða ekki, það sé undir þeim sjálfum komið.

⁵ Heimasíða Víkurskóla.

2.3 Stjórnun

Vorið 2009 voru grunnskóli, tónlistarskóli og leikskóli sameinaðir í Mýrdalshreppi. Var þá ráðinn nýr skólastjóri yfir sameinuðum skóla (skólastjóri A), en sá hóf aldrei störf. Um haustið þurfti því að ráða annan skólastjóra (skólastjóri B) og gekk sú ráðning hratt fyrir sig. Sá gegndi því starfi þar til í nóvember 2010 er hann sagði starfi sínu lausu vegna persónulegra ástæðna. Um áramót 2010 - 2011 var skólastjórinn endurráðinn sem kennari við skólann en hefur verið mikið fjarverandi vegna veikinda og þegar úttektin fór fram hafði hann fengið læknisvottorð til loka skólaársins. Núverandi sambýlismaður skólastjóra B kennir við skólann. Sá skólastjóri sem ráðinn var til starfa 21. desember s.l. (skólastjóri C) var þá deildarstjóri í skólanum og kennari til margra ára. Þá starfar jafnframt við skólann skólastjóri sem stjórnar skólanum um langt árabíl fram til ársins 2009.⁶

Á fundi með sveitarstjóra var rætt um sameiningu skólanna og stjórnskipulag. Sveitarstjóri kom til starfa haustið 2010 og skólanefnd var algerlega endurnýjuð s.l. sumar eftir kosningar til sveitarstjórnar. Alveg hefur því verið skipt um það fólk sem unnið hefur að yfirstjórn skólamála frá því að ákvörðun var tekin um sameiningu skólanna. Það getur að einhverju leyti hafa tafið fyrir í breytingunum. Farið var yfir það með sveitarstjóra hvernig breytingaferlinu hafi verið háttað. Frá því að skólastjóri B kom til starfa hafi sameiningin ekki gengið sem skyldi. Skólastjóri virðist ekki hafa unnið markvisst að stefnumótuninni og ekki sinnt lögboðinni skyldu til að skila ársskýrslu til sveitarstjórnar og skilaði ekki haustskýrslu skólans 2009 og 2010 eins og bar að gera. Þá hafi hann ekki sett af stað vinnu við að útfæra nýja skólanámskrá fyrir sameinaðan skóla og ekki sinnt skyldu sinni að skipa í skólaráð og ekki tryggt að foreldrafélag starfi við skólann.⁷ Fram kom hjá fræðslunefnd, kennurum og foreldrum að sameiningin hafi verið unnin í miklum flýti 2009, undirbúningur hafi verið lítill og úrvinnsla og innleiðing sé enn skammt komin.

Viðhorf foreldra til stjórnunar skólans var kannað í nóvember 2009. Þar kemur fram að 56,9 % foreldra segja stjórnun skólans í heild mjög góða og 38,4% yfirleitt í góðu lagi. 3% segja hana í mörgu áfátt. Í könnun meðal starfsfólks grunnskólans í nóvember 2009 segja 33,3% stjórn skólans mjög góða og 66,6% nokkuð góða.⁸ Fram kom í viðtölum og símtölum við foreldra að viðhorf foreldra skólastjóra D, sem stjórnað hefði skólanum fyrir árið 2009, hefðu verið á ýmsa vegu. Sumir teldu hann hafa unnið mikið og gott brautryðjendastarf við skólann en aðrir hafi verið ónægðir með skólastjórnann og talið hann hafa setið of lengi. Skólastjórinn, ásamt maka sínum og dóttur, starfar enn við skólann.

Núverandi skólastjóri (skólastjóri C) gegnir starfinu tímabundið út yfirstandandi skólaár. Fram kom í viðtali við skólastjóra og deildarstjóra grunnskóladeildar að þeir starfi í raun í dag sem skólastjóri og

⁶ Viðtal við sveitarstjóra Mýrdalshrepps 12.apríl 2011. Bréf sveitarstjóra Mýrdalshrepps til mennta- og menningarmálaráðuneytis 22. Desember 2010.

⁷ 8. gr. laga nr. 91/2008.

⁸ Innra mat á skólastarfi Víkurskóla 1. hluti

aðstoðarskólastjóri grunnskólans. Vegna erfiðs starfsumhverfis í vetur hafi verið ákveðið að leikskóli og tónskóli heyrðu ekki undir skólastjóra á meðan hann gegnir starfi tímabundið. Hjá skólastjórnendum kom fram að þeir væru hvorugir vanir stjórnendur og kynnu ekki mikið í stjórnun, en væru að læra. Hvorugur þeirra hefði hug á því að sækja um starf skólastjóra sem nýlega hafði verið auglýst er viðtöl fóru fram. Þeir hefðu aðeins verið að bregðast við brýnni þörf í vetur og leysa úr málum. Skólastjórnendur voru spurðir um ferli og vinnureglur en áttuðu sig ekki vel á spurningunni og töldu þetta ekki eiga við. Sögðust ekki vera með slíkar reglur eða ferli og ekki væri þörf á því í skólanum.

Skólaráð var í fyrsta sinn skipað á þessu skólaári. Skólastjóri sagðist hafa farið að vinna að þessu þegar hann tók við og tryggt að fulltrúi foreldra kæmi inn í skólaráð og er fulltrúi foreldra þar starfsmaður skólans. Skólaráð hefur haldið fimm fundi og liggja fundargerðir fyrir þrjá þeirra á heimasíðu skólans. Það sem þar hefur verið á dagskrá eru m.a. upplýsingar og umræður um skyldur skólaráðs, breytingar á stjórn skólans, bréf frá mennta- og menningarráðuneyti þar sem óskað er svara við ákveðnum spurningum um skólastarfið, upplýsingamiðlun, nemendaverndarráð, skóladagatal og kennslufyrirkomulag.

Skv. upplýsingum frá skólastjóra var formlegra skipurit í gildi við skólann áður en hann hóf afleysingu sína, nú vinni skólastjóri og aðstoðarskólastjóri þetta óformlegar. Skólastjórnendur tjáðu úttektaraðilum að þeir vinni ekki eftir ákveðinni stjórnunarstefnu. Nefndu þó þá stefnu að ef eitthvað væri sem varðaði börn þeirra eða barnabörn í skólanum þá tæki hin ábyrgð á úrlausn málsins. Úttektaraðilar spurðu skólastjórnendur hvað hafi verið erfiðast í vetur í stjórnuninni. Skólastjórnendur töldu það vera það sem væri utan skólans, þ.e. umræða í samfélaginu sem tengdist persónulegum aðstæðum skólastjóra B og núverandi kennara skólans. Gengið hafi vel í skólanum en forföllin þó verið erfið.

Skólastjóri C kennir fast á stundaskrá átta tíma (er með sex tíma kennsluskyldu) og aðstoðarskólastjóri 16 tíma á viku. Þeir reyna báðir að leysa af í forföllum í kjarnatímum, en sérgreinar hafa þeir þá frekar þurft að fella niður. Þeir upplýstu að stjórnunarþáttur hafi orðið útundan, þeir hafi kennt mjög mikið þar sem erfitt reynist að manna forföll öðruvísi. Á meðan athugun þessi fór fram var auglýst eftir skólastjóra sameinaðs Vikurskóla. Níu umsóknir bárust, m.a. frá núverandi skólastjóra, sem var ráðinn.⁹

Kennarar lýstu því að samskipti við skólastjórnendur væru góð og hefðu ávallt verið það. Það viðhorf kom fram hjá kennurum að núverandi skólastjórnendur væru miklir fagmenn en hefðu verið að slökkva elda síðustu vikur og ekki nýst sem þessi „flottu fagmenn“ sem þeir væru. Starfsmenn töldu sig almennt hafa góðan aðgang að stjórnendum. Samskipti kennara og almennra starfsmanna við fræðslunefnd og

⁹ Fréttir. Heimasíða Mýrdalshrepps.

sveitarstjórn hafi almennt verið lítil. Sveitarstjórn hafi þó komið meira í heimsókn í vetur en áður. Formlegar leiðir séu virkar, áheyrnarfulltrúi sé í fræðslunefnd og einn kennari í sveitarstjórn.

Meðal þeirra foreldra, sem rætt var við eða höfðu samband við úttektaraðila, komu fram mismunandi viðhorf til núverandi skólastjórnenda. Sumir sögðu þá hafa staðið sig mjög vel við erfiðar aðstæður á meðan aðrir sögðu svo alls ekki vera og bentu m.a. á að foreldrar hefðu fengið mjög litlar upplýsingar um skólastarfið og ekki hefði verið tekið nægilega vel á málum sem upp komu í skólanum, m.a. fjarvistum starfsmanna.

2.4 Mat úttektaraðila

- Á s.l. þremur árum hafa fjórir skólastjórar komið að stjórnun í Víkurskóla. Sá skólastjóri sem var að störfum 2009 – 2010 (skólastjóri B) virðist ekki hafa sinnt stjórnunarskyldum sínum varðandi m.a. útfærslu stefnu sveitarfélagsins um sameinaðan skóla, að sjá til þess að skólaráð og foreldrafélag væri stofnað eða að skila tilskyldum gögnum til sveitarfélags.
- Í könnunum meðal foreldra og starfsmanna haustið 2009 er almenn ánægja með stjórnun skólans sem bendir til þess að miklar væntingar hafi verið bundnar við skólastjóra B í upphafi.
- Ljóst er að þau erfiðu mál sem upp komu í skólanum í nóvember s.l. með tilheyrandi fjarvistum hafa sett mark sitt á skólastarfið. Úttektaraðilar álíta að sú ákvörðun að skólastjóri B var ráðinn inn aftur sem kennari hafi ekki verið skynsamleg og gert núverandi skólastjóra erfiðara fyrir að rækja sín störf sín. Úttektaraðilar telja að það geti verið stjórnunarlega erfitt að hafa fyrrverandi skólastjóra og maka þeirra og börn við störf í skólanum í svo litlu skólasamfélagi. Í vetur hafa verið við störf tveir fyrrverandi skólastjórar, makar/sambýlisfólk þeirra og barn, alls fimm af ellefu sem sinna kennslu.
- Í úttektinni kom fram að núverandi stjórnendur hafi lagt sig alla fram um að halda skólanum gangandi við erfiðar aðstæður m.a. með því að taka að sér forfallakennslu og taka úttektaraðilar undir það um leið og bent er á að stjórnunarþátturinn hefur í staðinn orðið nokkuð útundan, s.s. upplýsingagjöf til foreldra og almenn stjórnun starfsmanna.
- Núverandi skólastjóri hefur að eigin sögn ekki getað sinnt skyldum sínum sem stjórnandi vegna afleysinga í forföllum og skorts á þekkingu á skólastjórnun. Þar sem nú liggur fyrir að hann hefur verið ráðinn sem skólastjóri er mikilvægt að hann hljóti góðan stuðning og fræðslu um stjórnun.
- Fram kom bæði hjá kennurum og skólastjórnendum að vinnulag og framkvæmd stefnu skólans sé mjög einstaklingsbundið meðal kennara. Mikilvægt er að samræma framkvæmd stefnunnar en gæta þess um leið að kennarar haldi sínu sjálfstæði.
- Upplýsingamiðlun skólans þarf að bæta. Að mati úttektaraðila væri æskilegt að auka upplýsingamiðlun til foreldra á heimasíðu skólans, um árangur af skólastarfi og félagsstarf. Þó að samfélagið í Vík sé ekki fjölmennt þá má skólinn ekki gera ráð fyrir því að

foreldrar frétti hvað gerist í skólanum. Skólinn verði að hafa frumkvæði að umræðu í samfélaginu um skólastarfið. Þá þarf að samræma notkun kennara á Mentor.

3 MANNAUÐUR

Starfmenn sameinaðs Víkurskóla eru 28 við sameinaðan skóla þar af 17 sem starfa eingöngu við grunnskólann: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, átta kennarar, þar af er einn í veikindaleyfi til vors (skólastjóri B) og annar í fæðingarorlofi, þrír leiðbeinendur, tveir skólaliðar og tveir starfsmenn í mötuneyti. Þrír bílstjórar sjá um skólaakstur fyrir sameinaðan skóla og tæknimaður er starfandi. Óskað hefur verið eftir undanþágum fyrir leiðbeinendur og störf þeirra auglýst.¹⁰

3.1 Menntun og endurmenntun

Auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra eru réttindakennarar átta. Fjórir kennarar ásamt skólastjóra hafa stundað e.k. framhaldsnám að loknu grunnnámi og einn kennari og aðstoðarskólastjóri stunda nú slíkt nám. Leiðbeinendur eru þrír, þar af einn sem stundar nám til kennsluréttinda og annar sem er að ljúka námi í þroskaþjálfun. Einn kennari er í ársleyfi vegna framhaldsnáms. Tafla 1 sýnir menntun skólastjórnenda, kennara og leiðbeinanda skólans.

Tafla 1. Menntun skólastjórnenda, kennara og leiðbeinenda í Víkurskóla.¹¹

Starf	Menntun
Skólastjóri	Kennarapróf frá K.Í. stúdentspróf, Uppeldis- og kennslufræði og tónmenntakennarapróf frá K.H.Í. 25 einingar. Ýmis námskeið.
Aðstoðarskólastjóri	B. Ed. próf frá K.H.Í. Er í diplómanámi í rekstri og stjórnun í Tækniskólanum.
Kennari 1	BA próf frá H.Í og próf í UK – CM einingar í sagnfræði. Réttindi í bæði grunnskóla og framhaldsskóla. Ýmis námskeið.
Kennari 2	B.Ed. próf frá K.H.Í. Myndmennt frá K.H.Í. 7 einingar. Stjórnun og forysta í skólaumhverfi 15 einingar frá endurmenntunardeild K.H.Í. Ýmis námskeið.
Kennari 3	B.Ed. próf frá K.H.Í. Námskeið við Kennaraháskóla í Zürich, Sviss Diploma. Ýmis námskeið
Kennari 4	Próf í tækniteiknun frá lðnskólanum í Reykjavík. B.Ed próf frá H.A. Er í meistaranámi í stjórnun á kennarasviði í H.A. Ýmis námskeið.
Kennari 5	Meistararéttindi í vélvirkjun, uppeldis og kennslufræði frá K.H.Í. Hefur réttindi bæði í grunnskóla og framhaldsskóla. Ýmis námskeið.
Kennari 6	B. Ed. próf frá Kennaraháskólanum Uppsala Universitet sem gefur réttindi í Svíþjóð á mið- og unglíngastigi, valgreinar náttúrufræði og stærðfræði samtals 180 einingar + 20 aukaeiningar í líffræði (ein önn í viðbót) .30 eininga diplomapróf í náttúrufræði frá KHÍ. Ýmis námskeið.
Kennari 7	Íþróttakennarapróf frá Íþróttakennaraskóla Íslands. Réttindi í grunnskóla og framhaldsskóla. Ýmis námskeið.

¹⁰ Bréf sveitarstjóra Mýrdalshrepps til mennta- og menningarmálaráðuneytis 22.12.2011

¹¹ Upplýsingar frá skólastjóra í apríl 2011.

Kennari 8	B. Ed. próf frá K.H.Í. Próf frá Íþróttakennaraskóla Íslands. Hefur réttindi bæði í grunnskóla og framhaldsskóla. Ýmis námskeið.
Leiðbeinandi 1	Verslunarpróf frá Bifröst, svæðisleiðsögumanna próf, útskrifast sem þroskaþjálfari vorið 2011.
Leiðbeinandi 2	Stúdentspróf frá Menntaskólanum á Laugarvatni, 4. stig í tónfræði og 5. stig í píanóleik, stefnir á háskólanám í kennslufræðum við Háskóla Íslands.
Leiðbeinandi 3	64 einingar í framhaldsskóla og ýmis námskeið. Hefur starfað í skólanum í fjögur ár aðallega kennt textílmennt og verið stuðningsfulltrúi.

Skólastjórnendur og kennarar sögðu að ekki hefði verið formlega unnið að því að skilgreina hæfnikröfur í skólanum, né sett fram formleg stefna og aðgerðaráætlun um sí- og endurmenntun. Á svörum skólastjórnenda og kennara mátti greina að mjög sé einstaklingsbundið hvernig endur- og símenntun er sótt af hálfu kennara og starfsmanna. Fram kom hjá fræðslustjóra Skólaskrifstofu Suðurlands að efla þyrfti sí- og endurmenntun í Víkurskóla. Vegna lakrar þátttöku þaðan á námskeiðum sem hafi verið haldin á vegum skólaskrifstofunnar hafi verið brugðist við með því að bjóða upp á námskeið á staðnum. Þannig hafi t.d. nýverið verið haldið námskeið um notkun á tilteknum hugbúnaði sem nýttur er við sérkennslu. Leiðbeinandi kom á staðinn til að halda námskeiðið með kennurum skólans, en mæting hafi verið slök og flestir kennarar farið af námskeiðinu áður en því lauk. Kennarar sögðust aftur á móti sækja mikið af því sem er í boði og að framboð skólaskrifstofu væri gott.

Á dagskrá framundan í sí- og endurmenntun er ART námskeið – reiðistjórnun í haust. Allir starfsmenn eiga að sækja þriggja daga námskeið sem verður haldið á starfsdögum í upphafi næsta skólaárs. Kennarar töldu aðspurðir að símenntun hafi kannski ekki alveg verið nægilega markviss undanfarið, en að það breyttist án efa þegar kæmist meiri stöðugleiki í skólastarfið á ný.

Skv. upplýsingum frá skólastjórnendum og kennurum hafa kennarar farið á námskeið, *Uppeldi til ábyrgðar* og að sáttaborð eigi nú að vera nýtt í öllum úrlausnum í samræmi við þá stefnu skólans. Fram kom þó rökstudd athugasemd frá foreldri um að úrlausn væri ekki ávallt faglega unnin skv. þessum markmiðum.

3.2 Samskipti og starfsandi

Fram kom hjá skólastjórnendum að í einhverjum tilvikum hafi komið upp erfiðleikar á undanförunum mánuðum í samskiptum milli starfsmanna. Skólastjórnendur telja samskiptin innan skólans, meðal starfsmanna, hafi batnað, fleiri komi nú í kaffitíma en fyrr í vetur. Kennarar og aðrir starfsmenn, sem rætt var við, sögðu að samskipti væru góð og samstarf gott innan skólans. Þó komu fram sjónarmið um það að vinnustaðurinn hafi á öðrum tímabilum kannski verið betri en nú. Skólastjórnendur sögðu að einhver persónuleg ágreiningsmál hefðu valdið því að tilteknir starfsmenn hafi neitað að mæta á fundi ef tilteknir aðilar aðrir væru þar. Aðspurður segist skólastjóri ekki hafa brugðist við því, ekki talað við viðkomandi starfsmenn, ekki veitt tiltal.

Haustið 2009 kom fram í viðhorfskönnun meðal starfsmanna að 25% þeirra segja skólann sem vinnustað mjög góðan og 66,6% góðan.¹² Skólastjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn voru beðnir um að lýsa Víkurskóla sem vinnustað en fannst spurningin greinilega nokkuð snúin. Ekki kom fram skýr lýsing á því hvernig skólinn væri sem vinnustaður utan þess að margir aðilar nefndu að þetta væri góður vinnustaður fyrir sig, gott hvað skólinn væri lítill og að allir þekktust vel og tengdust nemendum betur en í stærri skóla.

3.3 Fundir og boðskipti

Starfsmannafundur er haldinn á mánudögum og samráðsfundur kennara á miðvikudögum, en kennarar eru þá með bundna viðveru. Skólastjórnendur sögðu þó að það gangi ekki alltaf eftir, einhver misbrestur væri á því sem væri eldra vandamál sem þeir hafi reynt að taka á.

3.4 Starfmannasamtöl og starfslýsingar

Fram kom hjá skólastjórnendum, kennurum og starfsmönnum skólans að starfmannasamtöl hafi verið haldin og mátti greina jákvæðni í ummælum um þau. Þá hafi verið til starfslýsingar í skólanum, sem sé að finna í gögnum, skólastjórnendur vísuðu til þess að starfslýsingar væru til hjá sveitarfélaginu, þær væru ekki í skólanum og ekki meðal gagna sem þeir gætu afhent úttektaraðilum. Starfsmenn sem hafa komið til starfa við skólann á síðustu misserum könnuðust ekki við að hafa séð starfslýsingar um störf sín. Í nýrri starfsmannstefnu Mýrdalshrepps kemur fram að gera skuli starfslýsingar fyrir öll störf.¹³ Kennarar sögðu að starfsmannahandbók hefði verið til við skólann en hún hefði ekki verið uppfærð og væri ekki notuð í dag.

3.5 Fjarvistir

Óskað var eftir fjarvistarskýrslum frá skólanum vegna yfirstandandi og tveggja fyrri skólaára.

Fjarvistarskýrslur voru afhentar frá 16. nóvember 2010 til 15. apríl 2011 og úttektaraðilum sagt að ekki væru til fjarvistarskráningar fyrir fyrri tímabil. Sveitarstjóri tjáði þeim að nú væri komið skýrt vinnulag hvað þetta varðar og skólanum gert að halda utan um fjarvistir með skýrum hætti, en að enn þurfi að bæta skýrslugerðina. Í nýrri starfsmannastefnu sveitarfélagsins eru skilgreind viðmið um fjarvistir.¹⁴

Fram kom hjá foreldrum, kennurum, skólastjórnendum og sveitarstjóra að fjarvistir hafa verið gríðarlega miklar í vetur, þar sem fjórir kennarar hafa verið mjög mikið fjarverandi og hafi oft verið óvissu um lengd fjarvista hjá þeim. Þá hefur einn leiðbeinandi verið fjarverandi í lengri tíma v/ veikinda. Skv. fjarvistarskrá, sem úttektaraðilar fengu í hendur, þá hafa forföll annars vegar verið langtímaveikindi og


¹² Innra mat á skólastarfi Víkurskóla 1. hluti

¹³ Starfsmannastefna Mýrdalshrepps.

¹⁴ Starfsmannastefna Mýrdalshrepps.

hins vegar er talsvert um styttri fjarvistir vegna veikinda, veikinda barna og foreldra kennara, leyfi vegna utanlandsferða og námsleyfi. Alls eru kennsludagar á tímabilinu skv. skóladagatali Víkurskóla 95, en fjarvistardagar sextán starfsmanna grunnskólans af sautján alls 293,5. Fjarvistir pr. starfsmann í Víkurskóla þetta tímabil eru því 17,3 dagar sem er um 13,8 % fjarvistir pr. ár. Til samanburðar má geta þess að í könnun sem Parx gerði árið 2007 á íslenskum vinnumarkaði eru meðalfjarvistir 4,4%. (sjá töflu 2). Á þessu tímabili eru mestar fjarvistir meðal fjögurra kennara af átta, þ.e. 65, 33, 32 og 16 dagar, mest vegna veikinda, og tveggja leiðbeinanda, annars vegar 80 dagar vegna veikinda og hins vegar 18 dagar vegna náms. Auk þess er, eins og áður hefur komið fram, einn kennari í fæðingarorlofi og bættust við forföll hjá henni á lok meðgöngunnar. Myndrit 1 sýnir skiptingu fjarvista í veikindi, launalaust leyfi, launalaust námsleyfi, veikt barn, slæm færð og önnur leyfi.

Myndrit 1. Fjarvistir starfsmanna Víkurskóla 16. nóvember 2010 til 15. apríl 2011.



Tafla 2. Fjarvistarhlutfall á íslenskum vinnumarkaði 2007¹⁵ og í Víkurskóla 2010.¹⁶

Fjarvistahlutfall	Meðaltal ParX 2007	Víkurskóli (grunnskóli) 2010*
Fjarvistardagar á starfsmann á ári	10,9	34,5
Fjarvistarhlutfall	4,4%	13,8%
Skammtímaveikindi	4	16
Langtímaveikindi	6,4	15,65
Langtímaveikindi hlutfall af heildar fjarvistum		45%
Veikindi barna (dagar pr. starfsmann)		2,82
Hlutfall veikindi barna af heildar fjarvistum	5-6,2% af heildar fjarv.	8%

* Fjarvistir október 2010-mars 2011, deilt með mán. fjölda og margf. með 12, deilt með starfsmannafjölda.

Gögn um forfallakennslu sem sveitarfélagið hefur greitt liggja fyrir frá haustinu 2008. Þar kemur fram að skólaárið 2008 – 2009 eru greiddar alls 123 stundir í forföll, skólaárið 2009-2010 103,5 og frá upphafi

¹⁵ Árangursstjórnun mannaúðs. Skýrsla ParX 2007.

¹⁶ Samantekt frá skólastjóra Víkurskóla apríl 2011.

skólaárs 2010 til loka mars 2011 104 stundir auk þess sem í mars eru greiddar 113 stundir til stundakennara/leiðbeinenda sem ráðnir voru tímabundið í veikindaforföllum.¹⁷

Fram kom það sjónarmið á fundi með foreldrum og í símtölum frá þeim að of margir starfsmenn skólans væru jafnframt í fjarnámi á sama tíma og fjarvistir nokkrar vegna þess. Einnig kom fram það sjónarmið hjá foreldrum að þeim þætti óeðlilegt að starfsmenn fengju frí vegna utanlandsferða á kennsludögum, jafnvel oftár en einu sinni, þegar forföll væru með þeim hætti sem verið hefði í vetur.

Sveitarstjóri tók undir það að óheppilegt væri hve margir starfsmenn skólans væru nú í fjarnámi sem kallaði á viðveru og frí frá störfum á kennsludögum en tók það jafnframt fram að afar mikilvægt væri að gefa fólki kost á að mennta sig. Í nýrri starfsmannastefnu sveitarfélagsins hafa verið settar vinnureglur hvað þetta varðar.¹⁸

Fram kom það sjónarmið á fundi með kennurum að fjarvistir hefðu um langt bil verið miklar. Erfitt er að staðreyna þær fullyrðingar vegna skorts á skráningum. Þegar úttektaraðilar mættu til fundar með skólastjórnendum kl. 11 þann 11. apríl s.l. eftir akstur frá Reykjavík þá tók skólastjóri við símtali frá kennara við upphaf fundarins sem lét vita að hann væri staddur í Reykjavík og hefði ekki komist til Víkur vegna færðar, en kennarinn átti að kenna þennan dag og jafnframt vera viðstaddur rýnifund með úttektaraðilum. Skólastjóri gerði ekki athugasemdir og sagði við úttektaraðila eftir símtalið að það væri erfitt að segja neitt við slíku. Fram kom hjá foreldrum og fleiri aðilum sem rætt var við að kennarar væru margir í mörgum störfum og aðstoðarskólastjóri einnig. Slíkt væri að nokkru leyti óheppilegt. Það hefði áhrif á mætingu í bundna viðveru kennara og á námskeið og ylli að einhverju leyti fjarvistum að vori og hausti hjá kennurum sem starfa í ferðaþjónustu.

Á fundi með kennurum kom fram það svar kennara að ekki hefði í raun ávallt verið hægt að tryggja kennslu skv. námskrá í vetur í öllum árgögnum. Skólastjórnendur tjáðu jafnframt úttektaraðilum að sérstaklega hefði verið erfitt að tryggja kennslu í sérgreinum. Þá kom fram hjá kennurum og skólastjórnendum að nemendur hafi þá oft fengið kennslu í bóklegum greinum í stað sérgreina sem ekki var hægt að bjóða uppá vegna forfalla. Í fundargerð skólaráðs 2. febrúar 2011 kemur eftirfarandi fram: „Skólaráði er ekki kunnugt um að skerðing á lögbundnum kennslutíma hafi átt sér stað.“¹⁹

Á fundi með foreldrum kom fram athugasemd um að auglýst hafi verið eftir forfallakennara og að umsóknir hafi borist en skólastjórnendur ákveðið að sinna frekar sjálfir forfallakennslu. Spurt var um þetta á fundi með sveitarstjóra og kannaðist hann við að ein umsókn leiðbeinanda hefði borist, en það hlyti að hafa verið mat stjórnenda að umsóknin uppfyllti ekki skilyrði um ráðningu.

¹⁷ Samantekt forfallakennslu 2008-2011.

¹⁸ Starfsmannastefna Mýrdalshrepps.

¹⁹ Fundargerð skólaráðs Víkurskóla 2. febrúar 2011.

Fram kom hjá skólastjórnendum að ráðinn hafi verið starfsmaður í smíðakennslu til að leysa úr vanda vegna forfalla. Þá hafi verið ráðinn leiðbeinandi í starf íþróttakennara eftir að f.v. skólastjóri, sem ætlaði að kenna íþróttir á vorönn, forfallaðist.

Það sjónarmið kom fram á fundi með foreldrum og í símtölum og bréfum frá þeim að skortur væri á upplýsingum til foreldra um fjarvistir kennara og forfallakennslu og gæslu barnanna þegar ekki hefur fengist slík kennsla. Það hafi valdið óöryggi meðal þeirra um skólagönguna, kennslumagn, námsframvindu og öryggi barnanna í skólanum. Þá kom fram hjá tilteknum foreldrum að börn hafi verið send heim vegna forfalla þegar þau hafi átt að vera í skólanum sem þeim finnst óásættanlegt. Þá kom jafnframt fram það sjónarmið hjá foreldri sem hringdi í úttektaraðila að skólinn hefði aldrei brugðist við vandanum í vetur með því að óska eftir samstarfi við foreldra og aðstoð frá foreldrum í skólanum. Rætt var um þessi sjónarmið við fræðslunefnd og sveitarstjóra á fundum með þessum aðilum sem töldu þetta ekki eiga við rök að styðjast. Vík væri lítið samfélag og fólk vissi alveg hver staðan væri í skólanum hverju sinni. Jafnframt að þetta væri fyrst og fremst tiltekinn aðili sem væri að setja fram þessi sjónarmið, en viðkomandi væri tengdur skólastjóra B. Úttektaraðilar tóku fram að sjónarmiðið hefði ekki aðeins komið frá einu foreldri, heldur hefðu þeir fengið þessar athugasemdir frá fleiri foreldrum og að kvörtun til ráðuneytis hefði heldur ekki verið frá einu foreldri.

Foreldrar óskuðu eftir fundi í tilteknum bekk vegna mikilla fjarvista bekkjarkennarans og var sá fundur haldinn og lýstu foreldrar, viðkomandi bekkjarkennari og skólastjórnendur almennt jákvæðu viðhorfi til hans og úrbóta í kjölfar hans. Fram kom hjá fræðslustjóra á skólaskrifstofu Suðurlands að foreldrar hafi leitað þangað, áður en fundurinn var haldinn, með miklar kvartanir vegna forfalla í viðkomandi bekk. Skólaskrifstofan hafi reynt að aðstoða foreldra með því að styrkja þá í að hafa frumkvæði að samstarfi við skólann.²⁰ Skólastjórnendur lýstu yfir ánægju með árangur þessa fundar.

Skólastjórnendur voru spurðir um hvort nemendur hafi fengið þá kennslu sem þeim ber í ljósi aðstæðna í vetur. Skólastjóri svaraði því til að það segi sig sjálft að nemendur fái ekki allt sem þeim ber að fá þegar svo mikið sé um forföll. Reynt hafi verið að senda nemendur ekki heim, frekar að biðja leiðbeinendur um að kenna þeim.

Skólastjórnendur sögðu að búið væri að setja formlegri vinnureglur varðandi fjarvistir og skil á veikindavottorðum. Eins og áður er komið fram kemur þetta fram í starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Skólastjórnendur töldu að þetta hafi verið mjög til bóta og þegar væri farinn að sjá árangur af þessu.

²⁰ Viðtal við fræðslustjóra Skólaskrifstofu Suðurlands.

3.6 Mat úttektaraðila

- Menntunarstig kennara í Víkurskóla er almennt hátt og þeir hafa fjölbreytta menntun að baki. Leiðbeinendur hafa einnig verið duglegir við að sækja sér réttindi.
- Þótt starfsmenn segðu að starfsandi væri góður kom fram í úttektinni að einhverjir samskiptaörðugleikar væru í hópnum sem hafi bitnað á skólastarfinu, m.a. með slakari fundarsókn. Brýnt er að mætingu starfsmanna verði fylgt eftir.
- Sí- og endurmenntun starfsfólks virðist nokkuð tilviljunarkennd. Mikilvægt er að sett verði fram formleg stefna og aðgerðaráætlun um sí- og endurmenntun og að henni sé framfylgt.
- Mikilvægt er að starfsmannasamtölum verði haldið áfram og starfslýsingar liggi fyrir í öllum störfum sbr. starfsmannastefnu sveitarfélagsins.
- Fjarvistir meðal kennara og leiðbeinanda í Víkurskóla á yfirstandandi skólaári eru gríðarlegar. Á 95 skóladögum skólaársins eru að meðaltali þrír starfsmenn fjarverandi dag hvern. Fjarvistir í Víkurskóla er um 13,8 % fjarvistir pr. ár en til samanburðar á íslenskum vinnumarkaði voru meðalfjarvistir þar 4,4% árið 2007. Úttektaraðilar fundu ekki nýrri tölur um íslenskan vinnumarkað. Gögn sýna að ekki hefur verið greidd forfallakennsla sem svarar til fjarvista en að sögn skólastjóra og aðstoðarskólastjóra hefur gengið erfiðlega að ráða fólk til afleysinga í litlu sveitarfélagi. Það segir sig því sjálft að þrátt fyrir vilja skólastjórnenda til að sinna forfallakennslu til viðbótar eigin kennsluskyldu fer ekki hjá því að nemendur hafa ekki fengið tilskylda kennslu. Úttektaraðilar telja að þurft hefði að takmarka sum leyfi, t.d. til utanlandaferða, og leita enn frekar eftir kennurum og leiðbeinendum til starfa. Þá hefði einnig mátt leita meira til foreldra við úrlausn mála, t.d. að skoða hvort þeir gætu liðsinnt skólanum.
- Há tíðni fjarvista er augljósasta vísbending um “organisational misbehaviour” og sýnir oft óánægju innan vinnustaðarins sem krefst greiningar og aðgerða. Fjarvistir geta bent til að fólk muni segja upp. Fjarvistir leiða til umframkostnaðar svo sem vegna aukins launakostnaðar, minni afkasta, versnandi starfsanda vegna óþæginda sem fjarvistir valda og neikvæðra áhrifa á þjónustu. Á vinnustöðum sem standa sig vel eru fjarvistir almennt talvert minni hjá yfirmönnum og sérfræðingum eða u.þ.b. helming til tveir þriðju af fjarvistum annarra starfsmanna. Fjarvistir eru örlítið algengari í stærri fyrirtækjum. Tilfni er til að greina nánar aðstæður og starfsanda á vinnustað m.a. með viðhorfskönnun meðal starfsmanna og fá faglega aðstoð við markvissa uppbyggingu starfsmannahópsins.²¹
- Skv. kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaga vegna grunnskólakennara er kveðið á um þá meginreglu að ef starfsmaður er óvinnufær vegna veikinda eða slyss um langan tíma, skal hann endurnýja læknisvottorð sitt eftir nánari ákvörðun

²¹ Saratoga Institute, Workforce Measurements and Diagnostics, Report. 2000.

forstöðumanns/yfirmanns en þó ekki sjaldnar en mánaðarlega. Skyld er starfsmanni sem er óvinnufær vegna veikinda eða slyss að gangast undir hverja þá venjulega og viðurkennda læknisrannsókn sem trúnaðarlæknir kann að telja nauðsynlega til þess að skorið verði úr því hvort forföll séu lögmæt, enda sé kostnaður vegna viðtals við lækni og nauðsynlegra læknisrannsókna greidd af vinnuveitanda. Mikilvægt er að þessu sé framfylgt og að trúnaðarlæknir vinni markvisst með sveitarfélaginu og viðkomandi starfsmönnum þegar upp koma langtíma veikindi.²²

4 SKÓLANÁMSKRÁ

Námskrá skólans liggur fyrir en hefur ekki verið endurskoðuð með heildstæðum hætti eftir sameiningu. Skv. upplýsingum sem fram komu í viðtölum við kennara, er námskráin næst óbreytt frá eldri námskrá. Námskráin er gefin út í tvennu lagi, annars vegar almennur hluti og hins vegar náms- og kennslufyrirkomulag sem er árgangaskipt, 1. – 4. bekkur, 5. –7. bekkur og 8. – 10. bekkur. Í henni er að finna markmið og leiðir, námsefni og námsmat. Skv. heimasíðu skólans var við samningu skólanámskrár höfð til hliðsjónar aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir ásamt hefðum og venjum sem hafa skapast í skólastarfinu.

4.1 Kennslufyrirkomulag

Víkurskóli er samkennsluskóli, þ.e.a.s. að vegna lítilla árganga er fleiri en einum árgangi kennt saman. Skólaárið 2010 – 2011 er samkennslan eftirfarandi:

- 1. og 2. bekkur
- 3. og 4. bekkur
- 5. og 6. bekkur
- 7. og 8. bekkur
- 9. og 10. bekkur

Skólastjórnendur lýstu því yfir að þeir hafi hug á því að breyta fyrirkomulaginu þannig fyrir næsta vetur að 1. bekk verði kennt sér og einnig 10 bekk. 2.,3. og 4. bekk yrði þá kennt saman, 5., 6. og 7. bekk saman og 8. og 9. bekk saman. Ætlunin sé að hafa meiri sveigjanleika varðandi aukna mönnun í kennslu hjá þeim hópum þar sem eru þrír árgangar. Fram komu sjónarmið hjá kennurum um að þeir teldu þetta óheppilegt fyrirkomulag, þessir hópar yrðu of breiðir og að það yrði erfitt að brúa kennslu skv. námskrá fyrir þetta marga árganga í sama hópi. Sérfræðipjónusta er veitt af Skólaskrifstofu

²² Grein 13.2.1.3 og 13.2.1.4 í nágildandi kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara.

Suðurlands. Fram kom hjá kennurum, skólastjórnendum og skólaskrifstofu að samstarf hafi almennt gengið vel. Skólaskrifstofa er í miklu samstarfi við kennara.²³

4.2 Kennslumagn og skipting kennslutíma milli námsgreina

Tafla í viðhengi 1 sýnir viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár²⁴ borið saman við stundatöflur Víkurskóla²⁵. Í viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár er gert ráð fyrir að einstakir skólar geti ráðstafað hluta þess lágmarkstíma sem lög ákveða en geri grein fyrir því í skólanámskrá hvernig þeir hyggjast verja þeim tíma. Skólar geta nýtt hann til að auka kennslu í skyldunámsgreinum eða til að ná staðbundnum markmiðum skólans eða til kennslu efnis sem ekki er í aðalnámskrá grunnskóla.²⁶

Skv. stundaskrám Víkurskóla uppfyllir skólinn vikustundir alls í 1.- 4. bekk, er 40 mínútum undir í 5.-7. bekk, en þar vantar 7. bekk 40 mínútur á viku, en uppfyllir vikustundir í 8. – 10. bekk. Í töflunni í viðhengi 1 er aðgreint með gulu þar sem skólinn er með þær stundir sem kveðið er á um, grænt þar sem skólinn er með fleiri stundir en viðmiðunarstundaskrá og rautt þar sem skólinn er undir því sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Þeir þættir sem skólinn er undir viðmiðunarstundaskrá í eru heimilisfræði sem er ekki kennd en boðið er upp á í vali, listgreinar eru með mun færri stundir, svo og valtímar og íþróttir sem eru með einni kst. færri í 4.-7. bekk. Skólinn er hins vegar yfir viðmiðunarstundaskrá í öllum öðrum námsgreinum að dönsku undanskilinni sem er með sama stundafjölda og gert er ráð fyrir.

Umsjónarkennarar eru með hverjum hópi og sinna allri kennslu yngri nemenda en fagkennarar eru á unglingastigi. Við skólann starfar ekki menntaður sérkennari en kennarar sinna sérkennslu eftir þörfum. Starfsmaður, sem er að ljúka námi sem þroskaþjálfari, sinnir stúlku sem er í greiningu vegna einhverfu. Enginn tónmenntakennari er við skólann nú en tónlistarval er í samvinnu við tónlistarskólann og fá 1.- 4. bekkur tónmenntakennslu og starfandi er fjölmennur skólakór við skólann. Skólastjóri er tónmenntakennaramenntaður og hefur séð um tónmenntakennslu árum saman en hefur ekki sinnt því starfi í vetur vegna stjórnunarstarfa. Að sögn hans er verið að reyna að ráða organista til sveitarfélagsins sem gæti tekið að sér tónmenntakennslu. Ekki er kennd heimilisfræði í vetur en boðið eru upp á heimilisfræði í valtímum.

Úttektaraðilar spurðu skólastjórnendur um stefnu varðandi heimanám. Fram kom að engin samræmd stefna er til en að það sé hlutverk umsjónarkennarans að sjá um að ákveða og skipuleggja heimanámið. Aðstoðarskólastjóra fannst ríkjandi það viðhorf hjá hópi foreldra að þar sem börnin séu lengi í skólanum þá telji þeir að heimanám sé óheppilegt. Síðan sé annar hópur sem vilji mikið

²³ Viðtal við fræðslustjóra Skólaskrifstofu Suðurlands.

²⁴ Aðalnámskrá grunnskóla, 2006:13.

²⁵ Stundaskrá Víkurskóla.

²⁶ Aðalnámskrá grunnskóla, 2006:13

heimanám. Það mat er í samræmi við upplifun úttektaðila á fundi með foreldrum. Í könnun meðal foreldra haustið 2009 kemur fram að 83% foreldra telja heimavinnu hæfilega, 10,7% of mikla og 3% telja hana of litla.

Úttektaðilar spurðu hvort gerð væri einstaklingsbundin námsáætlun fyrir hvern nemanda, hvort einstaklingsmiðað nám væri hjá börnum í samkenndu. Fram kom bæði hjá skólastjórnendum og kennurum að ekki væri verið að vinna eftir samræmdri stefnu hvað þetta varðar. Skólastjórnendur voru spurðir hvernig tryggt sé að barn nái þeim markmiðum sem það á að ná miðað við aðalnámskrá. Svaramót var þannig að nemendur væru ekki allir að ná þeim og að kennurum sé í sjálfsveld sett hvernig þeir útfæri einstaklingsmiðað nám. Skólastjórnendur töldu að vantaði að sumu leyti faglegt aðhald við skólann, m.a. þar sem eru einyrkjar í árgangi. Kennarar svöruðu því einnig til að hver kennari hafi svölítið frjálshendur um að skipuleggja sinn hluta og sín markmið. Kennarar sögðu að sumir kennarar á unglingastigi skipuleggi e.k. samkenndufléttur og geri áætlanir til tveggja til þriggja ára. Þeir segjast ekki í miklum mæli nýta sér að inn í samskiptakerfið Mentor eru komin markmið úr aðalnámskrá.

Kennarar töldu að gengið hafi þokkalega vel að uppfylla viðmiðunarstundaskrá og að grunnurinn sem lagt var upp með í vetur sé réttur, en að forföll hafi sett strik í reikninginn. Textílkennsla er engin núna nema að einhverju leyti inni í listgreinakennslunni. Ekki eru alltaf fagkennarar í hverri grein en reynt hafi verið að leysa málin. „Höfum verið stolt af því að höfum nánast alltaf getað kennt allar greinar.“

4.3 Árangur skólans á samræmdum prófum

Tafla 3 sýnir normaldreifðar einkunnir á samræmdum könnunarprófum 2005-2010 í 4. 7. og 10. bekk í Víkurskóla samanborið við meðaltal á Suðurlandi. Suðurland er öll árin undir landsmeðaltali sem er 30. Í íslensku í fjórða bekk er meðaltal Víkurskóla 2005 – 2010 lægra en fyrir Suðurland en Víkurskóli fer yfir meðaltal Suðurland og landsmeðaltal árið 2006. Í stærðfræði í 4. bekk er meðaltal Víkurskóla lægra en á Suðurlandi 2005 – 2010 en fer yfir meðaltal Suðurland og landsmeðaltal árin 2006 og 2008. Í íslensku í 7. bekk er skólinn að meðaltali undir meðaltali Suðurlands 2005 - 2010 en í stærðfræði er hann vel yfir landsmeðaltali árið 2005 og jafn landmeðaltali árið 2007. Í 10. bekk er skólinn yfir meðaltali Suðurlands öll árin að undanskildu 2010 og fjórum sinnum yfir landsmeðaltali. Í stærðfræði í 10. bekk er Víkurskóli undir meðaltali Suðurlands 2005 – 2010 en fer yfir það 2006 og 2008 og þá jafnframt yfir landsmeðaltal. Árið 2010 lækkar meðaltal skólans í öllum greinum frá árinu áður nema í stærðfræði í 10. bekk þar sem það stendur nánast í stað.

Tafla 3 Normaldreifðar einkunnir á samræmdum könnunarprófum 2005-2010.²⁷

	Íslenska 4. bekkur		Stærðfræði 4. bekkur	
	Víkurskóli	Suðurland	Víkurskóli	Suðurland
2005	20,3	28,4	25,8	27,1
2006	31	28,1	31,2	28,6
2007	26,3	28,9	16,6	27,9
2008	28,9	29,4	34,3	29,3
2009	25,7	29	21	29,5
2010	21,2	29,8	18,6	29,5
	M= 25.1	M= 28,9	M=24,7	M= 28,6
	Íslenska 7. bekkur		Stærðfræði 7. bekkur	
	Víkurskóli	Suðurland	Víkurskóli	Suðurland
2005	27,3	28,3	33,1	28,5
2006	25,7	29,5	22,6	28,8
2007	28,3	27,7	30	28,3
2008	19,9	29,4	24,3	29,3
2009	27,5	27,7	26,3	28,6
2010	26,7	29,9	24,8	29,1
	M= 25.6	M= 28,8	M= 27,0	M= 28,8
	Íslenska 10. bekkur		Stærðfræði 10. bekkur	
	Víkurskóli	Suðurland	Víkurskóli	Suðurland
2005	32,4	27	24,3	26,2
2006	34,8	28,9	30,3	27,3
2007	29,7	28	24,6	27,1
2008	34,3	27,4	31	26,6
2009	31,3	27,8	24,1	26,8
2010	25,7	27,8	24,8	28,3
	M= 30.7	M= 27,8	M=26,1	M=27

Í umræðum við skólastjórnendur, starfsmenn og foreldra kom fram að hvorki skólinn né fræðslunefnd hafi kynnt niðurstöður úr samræmdum prófum og PISA nægilega vel né skipulega sé unnið að aðgerðum í kjölfarið. Fræðslunefnd var spurð um árangur skólans og kom fram að fræðslunefnd þekkti til umræðu meðal foreldra um lakan árangur skólans en hafði hins vegar engar upplýsingar um það hver árangur skólans var í raun, hafði ekki kallað eftir slíkum upplýsingum.

Mjög óljóst virtist vera hjá þeim sem rætt var við hvort skólinn væri að standa sig vel eða illa. Á fundi með foreldrum, í símtölum frá foreldrum og í kvörtunum þeirra til ráðuneytisins, sem úttektaraðilar fengu afrit af, komu fram áhyggjur foreldra af löku gengi nemenda skólans í samræmdum prófum. Kennarar voru spurðir um niðurstöður skólans á samræmdum prófum og PISA prófi. Þeir töldu skólann koma vel

²⁷ Gögn frá Námsmatsstofnun.

út og oft hafa verið yfir lands- og Suðurlandsmeðaltali. Þeir sögðu skólann hafa verið með nemendur sem hafi fengið 10 á samræmdum prófum. Stærðfræðin hafi komið slakast út hjá skólanum. Spurt var um árangur skólans í samtali við fræðslustjóra skólaskrifstofu Suðurlands sem sagði skólann almennt koma vel út og hafa verið með mjög hátt skor á PISA. Þá sé náttúrufræðikennslan við skólann í sérflokk og við skólann starfi nokkrir afburða góðir kennarar. Úttektaraðilar fengu ekki gögn um PISA vegna smæðar skólans.

Það viðhorf var ríkjandi hjá foreldrum, starfsfólki, stjórnendum og fræðslunefnd að niðurstöður skólans á samræmdum prófum séu ekki vel samanburðarhæfar við niðurstöður úr öðrum skólum vegna smæðar skólans og því að allir nemendur hans þreyttu prófið. Bentu úttektaraðilar á að slíkt ætti við um fleiri skóla og að niðurstöður Víkurskóla væru því vel samanburðarhæfar.

4.4 Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá hefur ekki verið endurskoðuð m.t.t. sameinaðs skóla. Skólastjóri B hefur ekki sinnt skyldum sínum skv. lögum um að hafa forgöngu um endurskoðunina. Mikilvægt er að endurskoða hana út frá sameiningu skólanna og að flestir aðilar skólasamfélagsins hafi þar aðkomu.
- Nemendur í Víkurskóla fá í heild nokkurn veginn þann kennslustundafjölda sem tilgreindur er í lögum og aðalnámskrá. Hins vegar fá þeir ekki lögbundna kennslu í listum og heimilisfræði. Þá fá nemendur í 1.- 4. bekk ekki kennslu í ensku og valttímar eru færri á yngsta stigi og unglíngastigi. Úttektaraðilar telja að hér verði að ráða bragarbót á. Á núverandi skólaári er ljóst að allir nemendur hafa ekki fengið tilskylda kennslu vegna forfalla starfsmanna.
- Úttektin leiðir í ljós að faglegt sjálfstæði kennara er mikið sem getur bæði verið kostur og galli. Séu kennarar ekki að fara eftir stefnu og markmiðum skólans er hætt á að hvorki verði samræmi né samfella í námi nemenda sem getur komið niður á árangri þeirra og líðan.
- Skv. ofangreindu er hvorki lagt mat af hálfu fræðslunefndar né stjórnenda skólans á árangur úr samræmdum prófum og PISA könnunum né gerðar aðgerðaráætlanir út frá þeim árangri. Úttektaraðilar telja brýnt að fræðslunefnd og skólastjórnendur hafi frumkvæði að því að birta reglulega upplýsingar um árangur skólans.

5 SAMSTARF VIÐ FORELDRA OG HEIMILI

Á fundi með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra kom fram að í vetur hafi skólinn verið með þrjár annir og eru foreldraviðtöl við lok hverrar annar. Á fundi með foreldrum kom fram að foreldrar hafa verið ánægðir með það að fá stöðu nemandans þetta snemma og svo oft.

Á heimasíðu skólans er fjallað um vikulegan viðtalstíma kennara sem séu ætlaðir til foreldrasamstarfs og eru foreldrar hvattir til að hafa gott samband við skólann. Þá eru upplýsingar um fræðslunefnd sveitarfélagsins, skipan og hlutverk hennar. Jafnframt er fjallað um bekkjarfulltrúa en ekki eru upplýsingar um fulltrúa foreldra í skólaráði. Það viðhorf kom fram á fundi með foreldrunum að skólinn upplýsti þá ekki nægilega vel um starfsemi skólans, m.a. breytingar og fjarvistir á núverandi skólaári, og sumir sögðu að þeim fyndist þeir ekki velkomnir í skólann.

Skólastjórnendur sögðu að eftir að skólaráð var stofnað í upphafi þessa árs hafi það haldið foreldrafund sem var boðaður vegna óánægju foreldra, en óánægjan hafi ekki komið nægilega upp á yfirborðið á fundinum. Viðhorfið til skólans á fundinum hafi skipst í tvö horn, foreldrar sem styðja við skólann og eru jákvæðir og svo foreldrar sem eru það ekki, þeir jákvæðu hafi verið í meirihluta á fundinum. Það hafi ekki komið nógu skýrt fram hvað ylli óánægjunni, en skólastjórnendur sögðust hafa það á tilfinningunni að eitthvað kraumaði undir. Sögðust vita að það sendi enginn bréf til ráðuneytisins og Heimilis og skóla án þess að eitthvað sé að.

Könnun á viðhorfi foreldra til skólans var lögð fyrir haustið 2009. Kemur þar fram mikil almenn ánægja foreldra með skólann, t.d. eru tæp 90% þeirra ánægð með upplýsingagjöf skólans, rúm 95% segja að barni sínu líði vel í skólanum, 80% telja áhrif foreldra á skólann mikil og nokkur og 72% segja sig tilbúin til að taka þátt í foreldrasamstarfi. Skv. sjálfsmatsáætlun skólans 2009 – 2014 skal endurtaka könnunina haustið 2011.

Foreldrafélag er ekki starfandi við skólann. Skólastjóri tjáði úttektaraðilum að til stæði að stofna foreldrafélag n.k. haust. Skólastjórnendur lýstu þeirri skoðun að þeir hafi alltaf átt góð samskipti við foreldra, leiðarljós skólans sé að foreldri hafi mikinn rétt, foreldrar séu sérfræðingar í sínu barni og þeir hafi brýnt fyrir kennurum að halda fundi með foreldrum að hausti til að mynda tengsl. Margir foreldrar, sem rætt var við, lýstu yfir ánægju með samskipti við bekkjarkennarann en að sama skapi þyrfti að efla upplýsingagjöf skólans og formlegt samstarf við foreldra.

Rætt var um lagaskyldu skólastjóra til að tryggja foreldrasamstarf, að foreldrafélag starfi og skipan fulltrúa foreldra í skólaráð, bæði við fræðslunefnd, skólastjóra og sveitarstjóra. Fulltrúar í fræðslunefnd virtust ekki hafa haft vitneskju um þessa skyldu.

5.1 Mat úttektaraðila

- Skólinn hefur ekki uppfyllt lagaskyldu um foreldrasamstarf og verður það að skrifast á skólastjóra B. Núverandi skólastjórnendur hafa séð til þess að fulltrúi foreldra grunnskólabarna var kosinn í skólaráð en óheppilegt er að sá fulltrúi skuli vera starfsmaður skólans þar sem brýnt er að auka trúverðugleika skólans meðal foreldra. Eðli málsins samkvæmt er erfitt fyrir fulltrúa sem er undirmaður skólastjóra að setja fram gagnrýni á skólastarfið og koma með tillögur að

breytingum. Jákvætt er að stjórnendur hafa lýst yfir vilja til að hafa forgöngu um stofnun foreldrafélags í samræmi við lög um grunnskóla.

- Þeir foreldrar, sem rætt var við, virtust skiptast í þá sem eru ánægðir með skólann, þá sem eru mjög óánægðir og þá sem töldu að margt sé vel gert en hafa áhyggjur af miklum fjarvistum á skólaárinu og að hvorki hafi verið tekið nægilega á þeim né foreldrar upplýstir nægilega um stöðu mála. Einnig komu fram áhyggjur hjá þeim hópi af því að börnin fengju ekki tilskylda kennslu, einkum í sérgreinum. Mjög mikilvægt er að skólinn auki samstarf við foreldra og auki upplýsingagjöf til þeirra.
- Mjög brýnt er að viðhorf foreldra til skólans verði kannað sem fyrst haustið 2011 sbr. sjálfsmatsáætlun. Niðurstöður þeirrar könnunar gætu verið skólanum og nýjum skólastjóra gott leiðarljós fyrir starfið framundan.

6 MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS

Menntastefna sveitarfélagsins er frá því í maí 2010. Ný fræðslunefnd tók til starfa eftir kosningar sama vor og hefur fengið það hlutverk að framfylgja stefnunni. Í henni sitja þrjár konur og tveir karlar. Fram kom hjá fræðslunefnd að verið sé að vinna að því nú að skapa grundvöll að sameiningunni sem hafi verið meirihlutaákvörðun þáverandi sveitarstjórnar. Skólanámskrá Víkurskóla var samþykkt í haust þrátt fyrir að ekki væri búið að endurskoða hana út frá sameiningu skólanna þriggja. Fulltrúar úr fræðslunefnd sögðust ekki vita hvað f.v. skólastjóri (skólastjóri B) hafi gert til að fylgja eftir og koma sameiningunni í framkvæmd og töldu að ákveðin andstaða hafi verið í skólunum í garð sameiningarinnar. Rætt var um aðkomu fræðslunefndar að þeim erfiðleikum sem verið hafa vegna fjarvista í skólanum í vetur. Fræðslunefndin sagðist engar upplýsingar hafa um fjarvistir og hafi ekki óskað eftir þeim. Einnig kom fram að þar sem ekkert hafi komið inn á borð hjá nefndinni þá hafi hún ekki fjallað um þetta mál og þegar sveitarfélagið fékk bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í desember s.l. hafi það ekki verið vegna fjarvista, heldur um skipulag skólaaksturs og starfsmannalista. Úttektaraðilar lásu upp úr fundargerðum, en skv. fundargerð fundar þann 8. mars fjallar nefndin um leyfi. Nefndarfulltrúar sögðu að það hafi jú verið fjallað um fjarvistir á þeim fundi og að fjarvistir hafi m.a. verið tilefni nýrra reglna hjá sveitarfélaginu. Reglurnar eigi að taka á því hve margir geti verið í leyfi í einu. Úttektaraðilar fóru stuttlega yfir lagaskyldur fræðslunefndar með fulltrúum.

Að sögn sveitarstjóra sinnti fráfarandi skólastjóri ekki skyldu sinni um að skila tilskildum gögnum til sveitarfélagsins. Sveitarstjóri kvaðst hafa tekið á ýmsum málum varðandi stjórnun skólans fyrst og fremst við að móta starfsmannastefnu m.a. um hvernig taka skuli á ýmsum málum, s.s. fjarvistum. Vinnuhópur sé nú að störfum við að skoða sameiningu skólanna á einum stað. Í þeim vinnuhópi er enginn fulltrúi grenndarsamfélagsins, starfsmanna eða foreldra.

6.1 Mat úttektaraðila

- Mýrdalshreppur hefur sett sér menntastefnu sem er fagleg og metnaðarfull að mati úttektaraðila. Mikilvægt er að henni verði fylgt vel eftir ásamt samþykktum um sameiningu skólanna.
- Eftirliti sveitarfélagsins hefur verið ábótavant en fráfarandi skólastjóri skilaði ekki tilskildum gögnum til sveitarfélagsins. Nýr sveitarstjóri hefur verið í miklum samskiptum við stjórnendur skólans frá því í haust og hefur unnið að úrbótum. Mjög jákvætt er að sveitarfélagið setji nú skýrari reglur og viðmið fyrir skólastjórnendur með nýrri starfsmannastefnu.
- Vinnuhópur er að störfum við að skoða sameiningu skólanna á einum stað. Fram kom að í þeim vinnuhópi er hvorki fulltrúi grenndarsamfélagsins, starfsmanna né foreldra. Úttektaraðilar telja brýnt að fulltrúar þessara hópa setjist í vinnuhópinn til þess að árangur verði sem mestur af starfi hans og sátt ríki.
- Það er mat úttektaraðila að fræðslunefnd þurfi að efla starf sitt, auka eftirlit með skólanum sem henni ber að sinna skv. lögum og vinna markvisst að því að veita skólanum stuðning, leiðarljós og aðhald. Til þess að fræðslunefndin geti rækt þetta hlutverk sitt þarf hann að kynna sér hlutverk sitt vel og sveitarstjórn að sjá til þess að svo verði.

7 TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM TIL ÚRBÓTA

1. Stjórnun skólans þarf að vera mjög markviss. Skýr starfs- og hæfnilýsing skólastjóra ásamt öðrum starfslýsingum þurfa að liggja fyrir svo og starfsmannahandbók. Innleiða þarf skólastefnu sveitarfélagsins, skólastjóri þarf að eiga regluleg starfsmannasamtöl við starfsmenn, símenntunaráætlun skólans þarf að vera markviss og henni fylgt eftir, taka verður á erfiðum starfsmannamálum og fjarvistum og vinna eftir starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Mikilvægt er að nýr skólastjóri geti sinnt þessum þáttum á fullnægjandi hátt sem fyrst og hljóti til þess ráðgjöf, og þjálfun og stuðning í stjórnun.
2. Sveitarfélagið þarf að sinna betur eftirliti með skólanum og m.a. fylgja því eftir að skólastjóri skili þeim gögnum sem til er ætlast s.s. ársskýrslu og fjarvistarskráningu
3. Skólastjóri þarf að fylgja því eftir að starfsmenn vinni skv. stefnu skólans sem nú virðist einhver misbrestur á.
4. Endurskoða þarf skólanámskrá út frá nýjum lögum um grunnskóla, stefnu sveitarfélagsins og sameiningu grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla. Mikilvægt er að foreldrar eigi þar aðkomu sbr. lög um grunnskóla. Skólinn gæti t.d. markað sér sérstöðu út frá styrkleikum sínum og umhverfi.
5. Leggja þarf allt kapp á að sjá til þess að nemendur fái þá kennslu sem þeim ber skv. viðmiðunarstundaskrá. Úttektaraðilar gera sér grein fyrir að slíkt getur verið erfitt í litu sveitarfélagi en leita verður allra lausna í þeim efnum.

6. Fylgja þarf starfsmannastefnu Mýrdalshrepps um námsleyfi. Ljóst er að svo lítil skóli ber það ekki að margir kennarar séu fjarverandi í einu en jafnframt er mikilvægt að viðhalda og auka menntun starfsfólks.
7. Binda þarf frekar fasta viðveru kennara vegna funda, símenntunar og annars undirbúningsstarf og fylgja því eftir að þeir mæti.
8. Bæta þarf upplýsingaflæði frá skólanum til heimilanna. T.d. með pistlum á heimasíðu, fréttabréfi, fundum og að allir kennarar noti Mentor. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því, þrátt fyrir smæð samfélagsins, að réttar upplýsingar berist manna á meðal.
9. Fræðslunefnd þarf að efla starf sitt, auka eftirlit með skólanum sem henni ber að sinna skv. lögum og vinna markvisst að því að veita skólanum stuðning, leiðarljós og aðhald. Til þess að fræðslunefndin geti rækt þetta hlutverk sitt þarf hún að kynna sér það vel. Mikilvægt er að sveitarstjórn sjái til þess að fræðslunefnd fái þær upplýsingar sem henni ber og fylgi eftir lögboðun hlutverki sínu.
10. Vinnuhópur er að störfum við að skoða sameiningu skólanna á einum stað. Fram kom að í þeim vinnuhópi er hvorki fulltrúi grenndarsamfélagsins, starfsmanna né foreldra. Úttektaraðilar telja brýnt að fulltrúar þessara hópa sitji í vinnuhópnum til þess að árangur verði sem mestur af starfi vinnuhópsins og sátt ríki.
11. Stofna þarf foreldrafélag við skólann skv. lögum og að sjá til þess fulltrúi foreldri í skólaráði sé ekki starfsmaður skólans þar sem mjög mikilvægt er nú að skapa traust milli skólans og heimilanna.
12. Fylgja þarf eftir áætlun um innra mat skólans og gera það enn samstarfsmiðaðra. Lagt er til að skipaður verði sjálfsmatshópur með fulltrúum kennara, annars starfsfólks, foreldra og nemenda. Þátttaka allra aðila skólasamfélagsins í matinu getur aukið samstöðu um skólann.
13. Kynna þarf niðurstöður úr samræmdum prófum fyrir foreldrum og starfsmönnum og skilgreina aðgerðir í kjölfarið.

8 HEIMILDIR

Lög um grunnskóla. - nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið Aðalnámsskrá grunnskóla [Skýrsla]. - 2006.

Menntamálaráðuneytið Erindisbréf Attentus mannauður og ráðgjöf, Sérstök úttekt á Víkurskóla. - 29. mars 2011.

Mýrdalshreppur Fréttir. Heimasíða Mýrdalshrepps. [Á neti] // Heimasíða Mýrdalshrepps. - <http://www.vik.is/index.php?pid=14&cid=356>.

Mýrdalshreppur Samantekt forfallakennslu 2008-2011. - Apríl 2011.

Námsmatsstofnun Samræmd próf [Á neti] // Heimasíða Námsmatsstofnunar. - http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/landshl_munur/4.isl_sta/4.isl_sta_landh.html.

ParX Árangursstjórnun mannauðs - skýrsla 2007.

Saratoga Institute Workforce Measurements and Diagnostics [Skýrsla]. - 2000.

Skólastjóri Víkurskóla Samantekt á fjarvistum starfsmanna Víkurskóla frá 16. nóvember 2010 til 15. apríl 2011.. - Apríl 2011.

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps Bréf til mennta- og menningamálaráðuneytis. - 22. desember 2010.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps Starfsmannastefna Mýrdalshrepps [Skýrsla]. - Apríl 2011.

Víkurskóli [Skýrsla]. - 2009.

Víkurskóli Fundargerð skólaráðs Víkurskóla 2. febrúar 2011. [Á neti] // Heimasíða Víkurskóla. - Víkurskóli. - http://vikurskoli.vik.is/index.php?option=com_content&view=article&id=239&Itemid=37.

Víkurskóli Heimasíða Víkurskóla [Á neti]. - 10. 04 2011. - <http://vikurskoli.vik.is/>.

Víkurskóli Stundaskrá Víkurskóla [Á neti] // Heimasíða Víkurskóla. - http://vikurskoli.vik.is/index.php?option=com_content&view=category&id=6:sundarskrar-grunnskola&Itemid=5.

9 VIÐHENGI

Viðhengi 1. Viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár og stundaskrár Víkurskóla.

Námssvið	1.–4. bekkur (mín Víkurskóli)	1.–4. bekkur (mín) Aðalnámsskrá	5.–7. bekkur (mín) Víkurskóli	5.–7. bekkur (mín) Aðalnámsskrá	8.–10. bekkur (mín) Víkurskóli	8.–10. bekkur (mín) Aðalnámsskrá	Vikulegur kennslutími alls í mínútum Víkurskóli	Vikulegur kennslutími alls í mínútum Aðalnámsskrá
Danska	0	0	120	120	440	440	560	560
Enska	0	40	400	240	560	400	960	680
Heimilisfræði	0	160	0	240	0	80	0	480
Hönnun og smíði	400	160	120	120	40	40	560	320
Íslenska	960	960	680	600	600	600	2240	2160
Íþróttir – líkams- og heilsurækt	480	480	320	360	360	360	1160	1200
Listgreinar	560	640	200	480	120	160	880	1280
Lífsleikni	320	40	160	120	160	120	640	280
Náttúrufræði og umhverfismernt	400	320	360	360	360	360	1120	1040
Samfélagsgreinar og kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafæði	560	480	480	440	400	280	1440	1200
Stærðfræði	800	800	720	600	720	600	2240	2000
Upplýsinga- og tæknimernt	160	160	120	120	120	40	400	320
Val	160	560	480	400	480	960	1120	1920
Umsjón					80			
Víkustundir alls	4800	4800	4160	4200	4440	4440	13400	13440